

Nafn einstaklings	Kennitala	
Heimilisfang	Póstnúmer	Sveitarfélag

Mismunur á nafnverði og raunvirði myndar stofn til auðlegðarskatts að því marki sem þannig uppreiknaður stofn vegna eigna í árslok 2012 er umfram 75.000.000 kr. hjá einhleypingi og 100.000.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. **Neikvæður mismunur færirst sem 0.**

Hlutabréf í íslenskum hlutafélögum

Kennitala	Nafn hlutafélags	Nafnverð skv. framtali 2013	Stuðull *	Raunvirði	Mismunur (raunvirði - nafnverð)
Samtals					<input style="width: 100px;" type="text"/>

* Stuðullinn finnst með því að deila skattalegu eigin fé félagsins með heildarnafnverði hlutabréfa í félaginu, samkvæmt skattframtali félagsins 2013.

Hlutabréf í erlendum hlutafélögum

	Nafn hlutafélags	Land	Verð skv. framtali 2013	Raunvirði	Mismunur (raunvirði - verð)
Í dálkinn Raunvirði skal færa markaðsverð bréfanna eins og það var skráð í árslok 2012					
Samtals					<input style="width: 100px;" type="text"/>

Mismunur samtals

Auðlegðarskattsstofn skv. skattframtali 2013

Uppreiknaður stofn

Viðbótarstofn til útreiknings auðlegðarskatts 2014

Útfylling eyðublaðsins

Í fyrstu þrjá dálkana skal skrá hlutabréfaeign í árslok 2012 eins og þar að telja hana fram í skattframtali 2013.

Á eyðublaðinu á að leiða út raunvirði hlutabréfa. Ef verðmæti bréfanna er umfram nafnverð myndar mismunurinn stofn til auðlegðarskatts. Neikvæður mismunur færist sem 0.

Ef félag er skráð á markaði skal nota markaðsvirði hlutabréfanna eins og það var í árslok 2012. Annars skal reikna raunvirði íslenskra bréfa. Sá stuðull sem nota skal er skattalegt bókfært eigið fé, deilt með heildarnafnvirði hlutbréfa í félaginu, eins og þessar fjárhæðir eru í skattframtali félagsins 2013. Ætti að vera hægt að nálgast hann hjá viðkomandi félagi. Á vefframtali er stuðullinn forskráður fyrir þau félög sem gert hafa full framtalsskil. Fyrir erlend hlutabréf skal skrá markaðsvirði þeirra í árslok 2012 í dálkinn Raunvirði.

Hvað færist á framtal?

Auðlegðarskattur leggst á stofn sem er umfram 75.000.000 kr. hjá einhleypingi og 100.000.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Við þennan endurreikning þarf að hafa skattstofn fyrra árs til hliðsjónar, en hann kom fram á álagningarseðli 2013. Miðað er við stofn og fjölskyldustöðu á framtali fyrra árs.

Ef auðlegðarskattsstofn samkvæmt framtali 2013 náði ofangreindum mörkum fer fjárhæðin úr reitnum „Mismunur samtals“ óbreytt sem viðbót við auðlegðarskattsstofn á fjórðu síðu framtals.

Hafi stofninn á framtali síðasta árs verið lægri, en uppreiknaður stofn er hærri, þá færist það sem er umfram 75 eða 100 milljónir króna sem viðbót við auðlegðarskattsstofn á fjórðu síðu framtals.

Ef uppreiknaður stofn er lægri en ofangreind mörk færist engin viðbót á framtal.